

4. fundur stjórnar Fimleikasambands Íslands

Fundur haldinn í A sal ÍSÍ, miðvikudaginn 26. janúar 2022, kl. 17:00.

Mættir: Eva Hrund Gunnarsdóttir, Sólveig Jónsdóttir, Kristinn Arason, Magnús Heimir Jónasson, Halldóra Guðvarðardóttir, Guðbjörg Snorradóttir, Sigurbjörg Fjölvisdóttir og Axel Þór Eysteinnsson.

Forföll boðaði: Þór Ólafsson og Marta Sigurjónsdóttir.

Fundargerð ritaði: Eva Hrund Gunnarsdóttir

Málefni tekin fyrir á milli funda í tölvupósti

1. Alþjóðlegt dómaraþróf – Til samþykktar

Samþykkt að bjóða dómurum að fylla í þau sæti sem okkur var boðið þar sem að einungis þarf að greiða kostnað vegna dómaraþrófsins þar sem að prófið er tekið hér heima á netinu.

2. Frestun mótahalds í janúar – Til samþykktar

Samþykkt að fresta mótum sem átti að halda í janúar vegna samkomutakmarkanna.

Málefni tekin á fundi

3. Fréttir af skrifstofu – Til upplýsinga

Sólveig fór yfir verkefni starfsmanna á skrifstofu.

4. Grófar uppgjörstölur á helstu verkefnum ársins 2021 – Til upplýsinga

Eva fór yfir stöðuna.

5. Formannafundur FSÍ – dagskrá? – Til umræðu

Fyrri formannafundur er rekstrarlegs eðlis og sá seinni tengist þingi. Farið í gegnum hugmyndir af efni.



6. Þjónustukönnun FSÍ – Til samþykktar

Ekki var tími til að fara yfir efnið, stjórn fer yfir könnunina heima og kemur með athugasemdir og samþykkir í tölvupósti.

7. Fræðslunámskeið – kostnaður í gamla vs. nýja – Til umræðu

Farið yfir útreikninga. Förum betur yfir þetta á vinnudegi stjórnar og skrifstofu.

8. Formanna- og framkvæmdastjórafundur Norðurlandanna 4.-6. mars 2022 – Til upplýsinga

Sólveig upplýsti stjórn um fundinn. Kristinn Arason, formaður, kemst ekki á fundinn, skoðum hver fer í staðinn.

9. Eigum við að skoða að sækja um FIG Council til Íslands – Til samþykktar

Finum ekki nægar forsendur, þurfum að senda póst og afla frekari upplýsinga.

10. Eigum við að sækja um EM í hóp fimleikum 2024 – Til samþykktar

Verður til umræðu síðar.

Fundi slitið kl. 19:30.